

**AUGLÝSING**

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur nr. 259 16. júní 1977,  
með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald kr. 1 600.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald kr. 3 650.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 3 800.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

**AUGLÝSING**

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977  
með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 7 200.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 8 300.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.
- c) Vatnsgjald um rennismæli kr. 410.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*